

Umræðugrundvöllur vegna vinnu að framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum

Lögð fyrir jafnréttisþing 16. janúar 2009

I. Um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum

Við samþykkt nýrra laga um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla, nr. 10/2008, hinn 6. mars 2008 urðu breytingar á ákvæði laganna, 11. gr., um þingsályktun um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum. Eins og áður ber félags- og tryggingamálaráðherra að leggja fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum einstakra ráðuneyta, Jafnréttisstofu og Jafnréttisráðs. Þingsályktun um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum skal fela í sér verkefni og framkvæmdaáform sem ætlað er að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla í íslensku samfélagi og taka mið af markmiðsgrein laganna, 1. gr. Framkvæmdaáætlunin, sem samþykkt er sem ályktun Alþingis, felur því í sér framkvæmdaáform ríkisstjórnarinnar, einstakra ráðuneyta og stofnana þeirra eftir atvikum.

Nýmælið er að við gerð tillögu að framkvæmdaáætlun skal höfð hliðsjón af umræðum á jafnréttisþingi.

Til að auðvelda þátttakendum á jafnréttisþingi að beina umræðunni í þann farveg sem nýst getur sem best við undirbúning framkvæmdaáætlunar í jafnréttismálum eru því í skjali þessu lögð fram frumdrög að framkvæmdaáætluninni þar sem gerð er grein fyrir helstu markmiðum hennar og megináherslum. Drögin eru langt í frá tæmandi hvað varðar framkvæmdaáform og sérstök verkefni og hlut einstakra ráðuneyta í þeim, enda hlýtur endanleg gerð tillögunnar og útfærsla verkefna að bíða þeirrar leiðsagnar og væntinga sem jafnréttisþingið mun leiða í ljós.

II. Markmið ríkisstjórnarinnar

Jafnréttismál skipa veigamikinn sess í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. maí 2007. Áhersluatriðin eru meðal annars:

- Jafnrétti í reynd verði leiðarljós í allri stefnumótun ríkisstjórnarinnar.
- Barist verður gegn launamun kynja bæði hjá ríkinu og á almennum vinnumarkaði í samvinnu við aðila vinnumarkaðar. Horfa skal sérstaklega til þess að endurmeta kjör kvenna í starfsstéttum hjá hinu opinbera þar sem konur eru í miklum meirihluta.
- Réttur launafólks til að skýra frá launakjörum sínum ef það svo kys verði tryggtur. (Komið til framkvæmda, sbr. 3. mgr. 19. gr. jafnréttislaga.)
- Stefnt skal að því að jafna stöðu kvenna og karla í nefndum og í stjórnunarstöðum hjá ríkinu.
- Forvarnastarf gegn kynferðislegu ofbeldi verði eftt.
- Fæðingarorlofið verði lengt í áföngum.

Framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum mun taka mið af þessum áherslum.

Markmiðsgrein jafnréttislaga, 1. gr., er svohljóðandi:

Markmið laga þessara er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni. Markmiði þessu skal náð m.a. með því að:

- a. gæta jafnréttissjónarmiða og vinna að kynjasambættingu í stefnumótun og ákvörðunum á öllum sviðum samfélagsins,
- b. vinna að jöfnum áhrifum kvenna og karla í samfélaginu,
- c. bæta sérstaklega stöðu kvenna og auka möguleika þeirra í samfélaginu,
- d. vinna gegn launamisrétti og annarri mismunun á grundvelli kyns á vinnumarkaði,
- e. gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf,
- f. efla fræðslu um jafnréttismál,
- g. greina tölfræðiupplýsingar eftir kyni,
- h. efla rannsóknir í kynjafræðum,
- i. vinna gegn kynbundnu ofbeldi og áreitni,
- j. breyta hefðbundnum kynjaímyndum og vinna gegn neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla.

Framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum mun taka mið af þessum markmiðum.

Ráðherra jafnréttismála vill að fram komi í framkvæmdaáætluninni ríkari metnaður og skarpari sýn í starfi hennar að jafnréttismálum en verið hefur í fyrri framkvæmdaáætlunum. Því eru sett fram eftirfarandi leiðarljós sem um leið lýsa forgangsröðun í málaflokknum.

- Jafnrétti kynjanna er eitt af grunngildum samfélagsins og forsenda lýðræðis, lífsgæða og velferðar.
- Konur og karlar í íslensku samfélagi skulu hafa jafnan aðgang að völdum og tækifærum og sama möguleika til að vera virkir þátttakendur í samfélaginu og hafa áhrif á mótun þess.
- Konur og karlar í íslensku samfélagi skulu njóta efnahagslegs jafnréttis og jafnræðis og hafa jafna möguleika til menntunar og starfa þannig að réttindi einstaklingsins til að njóta hæfileika sinna og atorku og til efnahagslegs sjálfstæðis sé tryggður.
- Ríkisstjórnin vill með aðgerðum sínum stuðla að því að ábyrgð innan fjölskyldna dreifist jafnt á konur og karla, að þeim sé auðveldað að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf og að þau hafi sama rétt til að njóta velferðarþjónustu samfélagsins.
- Berjast skal gegn kynbundnu ofbeldi í hvaða mynd sem er. Konur og karlar, stúlkur og drengir skulu njóta virðingar og verndar gegn brotum á persónuhelgi sinni og kynfrelsi.

- Í samstarfi þjóðanna á alþjóðavettvangi beita íslensk stjórnvöld sér fyrir því af fullri einurð að styrkja stöðu kvenna og barna og jafnrétti kynja á heimsvísu. Þessar áherslur eru forgangsmál í allri þróunarsamvinnu á vegum íslenskra stjórnvalda á erlendum vettvangi.

Framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum mun endurspeglja þessi leiðarljós.

III. Verkefni

Hér á eftir eru settar fram hugmyndir að einstökum forgangsverkefnum, en listinn er langt í frá tæmandi. Mörg verkefni ráðuneyta á sviði jafnréttismála eru nú viðvarandi og hafa orðið liður í reglubundnu starfi þeirra eftir því sem stjórnvöld hefur í árána rás leitast við að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið inn í daglegt starf. Því er ekki ástæða til að verkefni af þeim toga séu sérstaklega tilgreind.

A. Stjórnvöld

1. Mótuð verði heildstæð áætlun til fjögurra ára um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða inn í stefnumótun og ákvarðanatöku ráðuneyta og opinberra stofnana. Í áætluninni verði meðal annars eftirfarandi verkþættir eða undirverkefni:
 - Stýrihópur undir forystu félags- og tryggingamálaráðuneytis og með þátttöku æðstu stjórnenda í völdum ráðuneytum stofnaður.
 - Fræðsla um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða fyrir stjórnendur og þá sem koma að undirbúningi stefnumótunar og ákvarðanatöku.
 - Mælitölur eða lykiltölur á öllum helstu sviðum í starfsemi ráðuneytanna og stofnana verði greindar til að jafnan séu fyrir hendi upplýsingar greindar eftir kynjum til stuðnings stefnumótun og ákvörðunum. Greint verði á hvaða sviðum reglulegri upplýsingaöflun er ábótavant og úrbætur gerðar.
 - Valdar verða ríkisstofnanir eða málaflókkar í undanfaraverkefni, þ.á m. verði verkefni um kynjaða hagstjórn, þ.e. samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða við fjárlagagerð.
 - Það verklag verði fest í sessi að jafnréttismat fylgi stjórnarfrumvörpum.
 - Gátlisti forsætisráðuneytis og Jafnréttisstofu „Gætum jafnréttis“ verði endurskoðaður og kynntur markvisst.
2. Jafnréttisbókhald ríkisins

Lagður verði nýr grunnur að reglulegri upplýsingagjöf ríkisins með tölulegum upplýsingum um helstu svið sem varða hag kvenna og karla og stöðu og þróun jafnréttis í einstaka málaflókum. Í þessu samhengi verði skoðað að innleiða aðferðir sem þróaðar voru í tengslum við verkefnið Jafnréttisvugin sem unnið var á vegum Jafnréttisstofu.

3. Þátttaka í nefndum og ráðum

Gert verði áttak í að fjölga konum í nefndum og ráðum þannig að markmiðum jafnréttis laga verði náð. Upplýsingar um hlutfall kynja í nefndum og ráðum verði birtar árlega.

4. Jafnréttisáætlanir Stjórnarráðs, ráðuneyta og stofnana

Jafnréttisáætlun Stjórnarráðsins, ráðuneyta og stofnana verði endurskoðaðar í ljósi nýrra jafnréttis laga.

5. Jafnréttisfulltrúar ráðuneyta

Starfsreglur jafnréttisfulltrúa verði endurskoðaðar og hlutverk þeirra eft. Jafnréttisfulltrúi félags- og tryggingamálaráðuneytis gegni ráðgjafar- og stuðningshlutverki við aðra jafnréttisfulltrúa, sem feli í sér meðal annars að unnið verði eftir starfs- og fræðsluáætlunum.

B. Vinnumarkaður

1. Gerð verði heildstæð framkvæmdaáætlun um aðgerðir gegn kynbundnum launamun sem meðal annars feli í sér eftirfarandi verkefni:

- Gefinn verði út staðall um jafnrétti í fyrirtækjum, þ.á m. launajafnrétti, sem unninn verði í samvinnu við aðila vinnumarkaðar og Staðlaráð.
- Launaumsjónarkerfi ríkisins verði endurbætt tæknilega þannig að unnt sé að gera reglulega úttekt á launamun kynja í ráðuneytum og stofnum.
- Fram fari endurmat á hefðbundnum kvennastörfum hjá hinu opinbera í samræmi við stefnuyfirlýsingu og tillögur nefndar um launajafnrétti hjá hinu opinbera.
- Valdar stofnanir taki þátt í verkefni um launajafnrétti með það að markmiði að leiða ómálefnalegan launamun í ljós og þróa aðferðir til að leiðrétta hann.
- Efnt verði til samstarfs við almenna vinnumarkaðinn um innleiðingu Vegvísis um launajafnrétti.
- Rannsókn Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands um laun karla og kvenna frá 2008 verði endurtekin á gildistíma áætlunarinnar til að meta þróun kynbundins launamunar, einkum með tilliti til launabreytinga í kjölfar kreppu á fjármálamarkaði.
- Gefinn verði út bæklingur til leiðbeiningar um túlkun á ákvæðum jafnréttis laga um launajafnrétti.

- Valdar verða lykiltölur yfir þróun á vinnumarkaði með tilliti til kynja og með hliðsjón af orðinni og væntanlegum breytingum á vinnumarkaði í kjölfar fjármálakreppu, svo sem um atvinnuleysi, launabreytingar, minnkun á starfshlutfalli o.fl., til að fylgst verði náið með áhrifum hennar á hag kvenna og karla og jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði.
- Ráðgjafahópur um launajafnrétti sem skipaður var 2007 starfi áfram og fylgi eftir aðgerðum varðandi launajafnrétti kynja og þróun á vinnumarkaði, meðal annars með tilliti til kynja í kjölfar fjármálakreppu.
- Fram fari úttekt á álitum kærunefndar jafnréttismála frá stofnun hennar 1991 til þess að lög nr. 10/2008 tóku gildi í því skyni að leiða í ljós hvaða þættir stuðla að eða draga úr að álit falli kæranda í hag, eða öfugt, samtímis því að greint verði hvernig túlkun jafnréttislaga hefur þróast í meðförum kærunefndar.

2. Gerð verði rannsókn á ástæðum þess hversu hátt hlutfall kvenna hér á landi er í hlutastörfum.

3. Vinnumiðlun og vinnumarkaðsúrreði

Markvisst verði unnið gegn kynbundinni skekkju í vinnumiðlun varðandi ráðgjöf um starfsval kynjanna.

4. Fæðingarorlof

Fylgst verði náið með áhrifum breytinga á greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði á töku fæðingarorlofs.

Lagt verði fram frumvarp um lengingu fæðingarorlofs á gildistíma áætlunarinnar.

C. Aukinn hlutur kvenna í stjórnámálum og stjórnnum fyrirtækja og stofnana

1. Nefnd verði sett á laggirnar til að auka hlut kvenna á Alþingi og í sveitarstjórnnum, meðal annars með því að ýta undir jafna þátttöku kvenna og karla á framboðslistum stjórnmalaflokkanna.
2. Efnit verði til verkefnis í samvinnu stjórnvalda og fyrirtækja um jafnréttisstarf á vettvangi þeirra, þ.á m. um leiðir til að auka hlut kvenna í stjórnnum og stjórnunarstöðum.
3. Gerður verði sáttmáli milli stjórnvalda og fyrirtækja/stofnana sem það kjósa um þau markmið að fjölga konum í stjórnnum og stjórnendastöðum.
4. Fylgst verði náið með reynslu Norðmanna af kynjakvóta í stjórnnum fyrirtækja og metið hvort feta eigi í fótspor þeirra varðandi íslenska löggjöf.

5. Lagt verði fram frumvarp til breytingar á lögum um upplýsingaskyldu fyrirtækja í því skyni að gera þeim skylt að geta þess í ársskýrslum hver er hlutur kvenna í stjórnnum og stjórnunarstöðum.
6. Aðgangur kvenna í viðskiptalífi að fjármagni, lánum, styrkjum o.þ.h. verði bættur, meðal annars á grundvelli skýrslu um fjárfestingar Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.
7. Stuðningi við verkefnið Jafnréttiskennitalan verði fram haldið og það útvíkkað þannig að tengsl á milli hlutfalls kvenna í stjórnnum og stjórnunarstöðum og arðsemi fyrirtækja verði könnuð.

D. Kynbundið ofbeldi

1. Aðgerðaáætlun gegn kynbundu ofbeldi verði fylgt eftir, meðal annars með öflugri kynningu á niðurstöðum rannsóknar á ofbeldi í nánnum samböndum, og lagt mat á árangur hennar.
2. Útgáfu rita um ofbeldi í nánnum samböndum verði fylgt eftir með námskeiðum fyrir viðeigandi fagstéttir.
3. Ríkisstjórnin samþykki aðgerðaáætlun gegn mansali sem grundvallist á því að samningur Sameinuðu þjóðanna gegn alþjóðlegri og skipulagðri glæpastarfsemi og Palermó-bókunin, og samningur Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali verði fullgiltir.
4. Náið verði fylgst með áhrifum banns við vændi í nágrennalöndum og lagt mat á hvort breyta beri íslenskri löggjöf í sömu átt.
5. Starf lögreglu að því að leiða í ljós brot á vændisákvæði íslenskra hegningarlaga verði styrkt svo sakfella megi fyrir þau brot.
6. Kannaðar verði leiðir til að styrkja þau úrræði sem felast í nálgunarbanni, svo og hvort ástæða sé til að breyta lögum þannig að heimilt verði að fjarlægja ofbeldismenn af heimilum.
7. Gerð verði áætlun um aukna vernd og þjónustu við þolendur kynbundins ofbeldis í samvinnu við til þess bær félagasamtök og sveitarfélög.
8. Fræðsluferð ætlaðri almenningi um einkenni kynbundins ofbeldis verði hrundið úr vör.
9. Meðferðarúrræðið „Karlar til ábyrgðar“ verði styrkt með það að markmiði að körlum á landsbyggðinni verði auðveldað að nýta sér það.
10. Efnt verði til fræðsluferðar ætlaðrar unglíngum sem beinist gegn klámvæðingu og kynferðislegri áhættuhegðun.
11. Fræðsla til starfsmanna réttarvörslukerfisins um einkenni og afleiðingar kynbundins ofbeldis verði eflað.

E. Jafnrétti í skólum og menningarlífi

1. Gerð verði áætlun um jafnréttisfræðslu í leik- og grunnskólum, meðal annars á grundvelli mats á verkefninu Jafnréttisfræðsla í skólum og yfirfærslugildi þess.
2. Unnið verði að því með framhaldsskólum að koma á áföngum í kynja- og jafnréttisfræðum.
3. Kynjafræði verði innleidd í kennaramenntun, meðal annars með tilliti til reynslu Menntasviðs Reykjavíkurborgar af jafnréttisnámi fyrir kennara.
4. Þróaður verði sáttmáli við fjölmiðla um að þeir vinni markvisst að því að jafna hlut kynjanna í fjölmiðlum.
5. Gerð verði úttekt á styrkjakerfi hins opinbera til menningarlífsins með tilliti til kynja.

F. Karlar og jafnrétti

1. Á grundvelli starfs nefndar um aðstæður forsjarlausra feðra verði metið hvort leggja beri fram frumvarp um breytingar á ákvæðum barnalaga um forsjá, búsetu og fleira.
2. Fræðsluherferð sem beinist að mögulegum kaupendum vændis verði hleypt af stokkunum, meðal annars með áherslu á unga karlmenn til að koma í veg fyrir að þeir gerist kaupendur á kynlífsmarkaði.
3. Komið verði á fót starfshópi sem hafi það hlutverk að auka hlut karla í jafnréttisumræðunni.
4. Fræðsla til verðandi feðra verði styrkt.

G. Alþjóðastarf

1. Eftirfylgni við áætlun 1325 á alþjóðavettvangi
Eflidar verði áherslur og eftirfylgni Íslands hjá alþjóðastofnunum á grundvelli áætlunar Íslands um framkvæmd öryggisráðsályktunar 1325 um konur, frið og öryggi til að undirstrika mikilvægi kvenna í friðarumleitunum og -uppbyggingu.
2. Verkefni um Jafnréttisskóla
Stutt verði við uppbyggingu þekkingarsamfélags á Íslandi á sviði jafnréttismála með stuðningi við starf nýstofnaðs Jafnréttisseturs og Jafnréttisskóla á vegum Háskóla Íslands. Markmið verkefnisins er að efla rannsóknir og fræðastarf í kynja- og jafnréttismálum á Íslandi. Auk þess mun skólinn bjóða upp á námskeið í jafnréttismálum fyrir sérfræðinga frá þróunarríkjum. Unnið verður markvisst að því að Jafnréttisskólinn verði hluti af tengslaneti Sameinuðu þjóðanna innan þriggja ára og

að minnsta kosti 20 nemendur frá þróunarríkjum stundi þar nám á tímabilinu 2009–2012.

3. Yfirlit og áætlun um þátttöku Íslands í jafnréttisstarfi innan Evrópska efnahagssvæðisins

Á vettvangi Evrópusambandsins er víða unnið að auknu jafnrétti kynjanna. Með aðild að EES-samningnum hefur Ísland víða aðgang að verkefnum og áætlunum sem starfrækt eru. Mikilvægt er að öðlast heildstæða sýn á þátttöku Íslands í jafnréttisstarfi innan Evrópu. Þannig má tryggja þátttöku Íslands þar sem hún á við og með því færa heim nýja þekkingu á sviði jafnréttismála, sem og að miðla innlendri reynslu.

4. Fræðsluáttak fyrir starfsmenn utanríkisþjónustunnar um jafnréttismál og samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða. Að stefna á markvissan hátt að aukinni samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í starfi utanríkisþjónustunnar með fræðsluáttaki um jafnréttismál og samþættingu fyrir starfsmenn, þar á meðal í tengslum við áætlun um ályktun 1325.

H. Annað

1. Starfstími jafnréttissjóðs verði framlengdur eftir að umboð núverandi stjórnar rennur út 2010